

FJÖLSKYLDAN

L E I Ð A R V Í S I R

FJÖLSKYLDAN

L E I Ð A R V Í S I R

Útgefandi:

Kirkja Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu
Salt Lake City, Utah

© 1992, 1999, 2001, 2006 Intellectual Reserve, Inc.
Allur réttur áskilinn
Printed in Germany

Samþykkt á ensku: 2/06
Þýðing samþykkt: 2/06
Þýðing á *Family Guidebook*
Icelandic

Efnisyfirlit

„Fjölskyldan: Yfirlýsing til heimsins“	iv
Uppbygging og takmark fjölskyldunnar	1
Kenna fagnaðarerindið á heimilinu	4
Framfylgja fjölskylduábyrgð	12
Leiðtogaþjálfun	15
Hafa guðspjónustustund heima (fyrir fjölskyldur sem búa afskekkt)	16
Prestdæmisblessanir og helgiathafnir	18
Hvernig afla skal kirkjuefnis og ættfræðiheimilda	26

„Fjölskyldan: Yfirlýsing til heimsins“

Árið 1995 gáfu Æðsta forsætisráðið og ráð postulanna tólf út „Fjölskyldan: Yfirlýsing til heimsins.“ Staðfest eru í yfirlýsingu þessari orð og kenningar sem spámenn hafa marg ítrekað fyrir og síðar í kirkjunni. Í henni er sagt frá tilskipan sem skiptir sköpum fyrir hamingju og velferð sérhverrar fjölskyldu. Fjölskyldur ættu að lesa yfirlýsingu þessa og tileinka sér innihald hennar.

„Æðsta forsætisráðið og ráð postulanna tólf í Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu, lýsum því hátíðlega yfir að hjónaband milli karls og konu er vígt af Guði og að fjölskyldan er kjarninn í áætlun skaparans um eilíf örlög barna hans.

Allar mannlegar verur – karlar og konur – eru skapaðar í mynd Guðs. Hver þeirra er ástkær andasonur eða dóttir himneskra foreldra, og sem slík á sérhvert þeirra sér guðlegt eðli og örlög. Kynferði er nauðsynlegur eiginleiki einstaklingsins, sem einkennir hann og samræmist tilgangi hans í fortilveru, jarðneskri tilveru og um eilífð.

Í fortilverunni þekktu og tilbáðu andasynir og dætur Guðs hann sem eilífan föður og samþykktu áætlun hans, en samkvæmt henni gátu börn hans hlotið efnislíkama og öðlast jarðneska reynslu til að feta í átt að fullkomnun og að lokum gera að veruleika guðleg örlög sín sem erfingjar eilífs lífs. Hin guðlega sæluáætlun gerir fjölskylduböndin varanleg handan grafar. Helgiathafnir og sáttmálar í heilögum musturum gera mönnum mögulegt að komast aftur í návist Guðs og fjölskyldum að sameinast að eilífu.

Fyrsta boðorðið sem Guð gaf Adam og Evu varðaði mögulegt foreldrahlutverk þeirra sem eiginmanns og eigin konu. Við lýsum því yfir að boðorð Guðs til barna hans um að margfaldast og uppfylla jörðina er enn í gildi. Við lýsum því jafnframt yfir að Guð hefur boðið að hinn helgi sköpunarkraftur skuli aðeins notaður milli karls og konu í löglega vígðu hjónabandi.

Við lýsum því yfir að leiðin til sköpunar jarðlífsins sé guðlega tilnefnd. Við staðfestum helgi lífsins og mikilvægi þess í eilífri áætlun Guðs.

Eiginmaður og eiginkona bera þá helgu ábyrgð að elska og annast hvort annað og börn sín. ‘Synir eru gjöf frá Drottni, ávöxtur móðurkviðarins er umbun’ (Sálm 127:3). Foreldrar bera þá helgu skyldu að ala börn sín upp í kærleika og réttlæti, að sjá fyrir líkamlegum og andlegum þörfum þeirra, að kenna þeim að elska hvert annað og þjóna hvert öðru, að virða boðorð Guðs og vera löghlýðnir þegnar, hvar sem þau búa. Eiginmenn og eigin konur – mæður og feður – verða ábyrg frammi fyrir Guði, ef þau bregðast þessum skyldum.

Fjölskyldan er vígð af Guði. Hjónaband milli karls og konu er nauðsynlegt eilífri áætlun hans. Börn eiga rétt á því að fæðast innan hjónabandsins, vera alin upp af föður og móður sem heiðra hjónabandseiða sína af fullkominni tryggð. Hamingju í fjölskyldulífi hljótum við fyrst og fremst þegar við byggjum á kenningum Drottins Jesú Krists. Farsælt hjónaband og fjölskyldulíf byggist og varðveitist á reglum trúar, bænar, iðrunar, fyrirgefningar, virðingar, kærleika, umhyggju, vinnu og heilbrigðrar dægurstyttingar. Samkvæmt guðlegri áætlun eiga feður að sitja í forsæti fjölskyldu sinnar í kærleika og réttlæti og bera þá ábyrgð að sjá henni fyrir nauðsynjum lífsins og vernda hana. Meginábyrgð mæðra er að annast börnin. Við þessa helgu ábyrgð ber feðrum og mæðrum skylda til að hjálpa hvort öðru sem jafningjar.

Sjúkdómar, andlát eða aðrar aðstæður geta gert persónulega aðlögun nauðsynlega. Ættingjar ættu að veita stuðning þegar með þarf.

Við vörum við því að þeir sem rjúfa sáttmála skírlífis, sem misþyrma maka eða barni, eða sinna ekki ábyrgð sinni gagnvart fjölskyldunni, munu síðar meir verða að standa ábyrgir gerða sinna frammi fyrir Guði. Enn fremur viljum við vara við því að sundrung fjölskyldunnar mun leiða yfir einstaklinga, samfélög og þjóðir þær hörmungar sem spámenn fyrr og nú hafa sagt fyrir um.

Við biðjum alla ábyrga þegna og opinbera embættismenn alls staðar að efla þá þætti sem ætlaðir eru til að varðveita og styrkja fjölskylduna sem grundvallareiningu þjóðfélagsins“ (*Vonarstjarnan*, júní 1996, 10).

Uppbygging og takmark fjölskyldunnar



Uppbygging

Fjölskyldan er heilög í Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu og mikilvægasta félagseining um tíma og eilífð. Guð stofnaði fjölskyldur til að stuðla að hamingju barna og gefa þeim kost á að tileinka sér réttar



reglur við ástúðleg skilyrði og búa þau undir eilíft líf.

Best er að kenna, læra og tileinka sér reglur fagnaðarerindisins á heimilinu. Þar læra einstaklingar að afla sér matar, fatnaðar, húsaskjólts og annarra lífsnauðsynja. Faðirinn og móðurin eiga, sem jafnir félagar, að hjálpa öllum í fjölskyldunni að:

- Leita sannleikans og þróa trú á Guð.
- Iðrast synda sinna, láta skírast til fyrirgefningar syndanna, verða meðlimur í Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu og meðtaka heilagan anda.
- Hlýða boðorðum Guðs, læra ritningarnar vandlega, flytja einkabænr daglega og þjóna öðrum.

- Deila fagnaðarerindinu með öðrum.
- Meðtaka musterisgjöf sína og giftast í musterinu verðugum lífsförunaut um eilífð, skapa hamingjusamt heimili fyrir fjölskyldu sína og sýna henni ástúð og fórnfýsi.



- Leita upplýsinga um láatin ættmennir og sjá um að helgiathafnir musterisins séu framkvæmdar fyrir þau.



- Hljóta næringu sem stuðlar að góðri andlegri, félagslegri, líkamlegri og tilfinningalegri heilsu.

Heimilisfaðirinn er í forsæti fjölskyldunnar og ber ábyrgð á að kenna börnunum og sjá fjölskyldunni fyrir lífsnauðsynjum. Verðugum og áreiðanlegum heimilisföður í kirkjunni gefst kostur á að hafa prestdæmið,

sem er kraftur og valdsumboð til að starfa í nafni Guðs. Með þennan kraft og umboð verður hann prestdæmisleiðtogi fjölskyldu sinnar. Hann leiðir fjölskylduna og býr hana undir að snúa á ný í návist himnesks föður. Eiginkona hans er mikilvægasti lífsförunautur hans, félagi og ráðgjafi. Eiginmaður og eiginkona eiga að ráða sameiginlega fram úr öllu því sem við kemur fjölskyldu og heimili.

Föðurnum ber að sjá fjölskyldu sinni fyrir andlegum þörfum hennar. Honum ber að gæta þess að henni sé kennt fagnaðarerindi Jesú Krists og ætti að gera allt sem hann megnar til að kenna henni og hjálpa að lifa eftir boðorðum Drottins.

Faðir sem hefur prestdæmið getur blessað fjölskyldu sína og séð fyrir andlegum þörfum hennar. Faðir getur með valdi víðeigandi prestdæmis og *samþykki prestdæmisleiðtoga síns*:

1. Gefið barni sínu nafn og blessað það.
2. Skírt börn sín (og aðra).
3. Staðfest börn sín (og aðra) sem meðlimi kirkjunnar og veitt þeim gjöf heilags anda.
4. Veitt sonum sínum prestdæmið (og öðrum) og vígt þá til prestdæmisembætta.
5. Blessað og útdeilt sakramentinu.
6. Helgað grafir.

Faðir sem hefur Melkisedeksprest-dæmið getur, *án samþykkis prestdæmisleiðtoga síns*, helgað olíu og blessað

einstaka í fjölskyldu sinni og aðra þegar þeir eru sjúkir eða þurfa sérstakar blessanir við önnur tækifæri. (Sjá bls. 18–25 00 í þessum leiðarvísi um hvernig framkvæma skal helgiathafnir og blessanir prestdæmisins).

Föðurnum ber að sjá til þess að fjölskylda hans sinni eftirtöldum þremur atriðum grunnábyrgðar:

1. Að vinna að andlegum og stundlegum þroska sem fjölskylda og persónulega.
2. Að deila fagnaðarerindinu.
3. Að vinna ættfræði og musterisverk fyrir lifandi og látna.

Móðirin er jafningi, félagi og ráðgjafi eiginmanns síns. Hún hjálpar honum að kenna börnum þeirra um lögmál Guðs. Ef enginn faðir er á heimilinu, er móðirin í forsæti fjölskyldu sinnar.

Faðir og móðir þurfa að hafa sameiginlegan tilgang. Takmark þeirra ætti að vera að búa alla í fjölskyldunni undir að snúa á ný til himnesks föður. Þau ættu að vera samheldin er þau vinna að þessu takmarki sínu. Drottinn hefur skipulagt kirkju sína til að hjálpa feðrum og mæðrum að kenna og sinna fjölskyldum sínum.

Þegar börn verða hluti af fjölskyldunni, ber foreldrum að elska þau, kenna þeim sannleika fagnaðarerindisins og sýna fordæmi réttláts lífennis. Börnum ber að læra boðorð Guðs og lifa eftir þeim. Þau eiga að heiðra foreldra sína og hlýða þeim.

Styrkur kirkjunnar er hvorki meiri né minni en styrkur þeirra fjölskyldna og einstaklinga sem lifa eftir fagnaðarerindi Jesú Krists. Skilningur föður og móður á grunnábyrgð sinni sem foreldrar og hvernig þeim tekst að framfylgja þeirri ábyrgð, ákvarðar að miklu leyti hve mikið fjölskyldan mun njóta blessana fagnaðarerindisins. Kirkjan hefur ekki á stefnuskrá sinni að veita feðrum og mæðrum svo mikla ábyrgð eða svo mörg verkefni að það dragi úr þeim kjarkinn eða verði til þess að þau vanræki þessa grunnábyrgð sína.

Takmark

Himneskur faðir elskar okkur og vill því að við verðum upphafin líkt og hann. Hann hefur sett fram áætlun sem við getum fylgt er byggist á guðlegum lögmálum og sannleika. Þeir sem kynna sér áætlun þessa og fylgja henni staðfastlega, munu einhvern tíma verða líkir föður okkar á himnum og njóta sama lífennis og hann.

Í áætluninni var gert ráð fyrir að við yfirgæfum himin og færum til jarðar. Á jörðu hlytum við efnislíkama, reynslu og gætum sýnt að við værum verðug þess að dvelja á ný í návist Guðs. Við sýnum að við séum verðug með því að lifa eftir lögmálum hans. (Sjá Abr 3:23–25; 2 Ne 2:27).

Himneskur faðir hefur ráðstafað okkur í fjölskyldur, til að búa okkur undir að dvelja hjá sér. Fjölskyldur okkar geta sameinast að eilífu með helgiathöfnum og sáttmálum.

Kenna fagnaðarerindið á heimilinu



Kenna börnum af góðvild og ástúð

Drottinn hefur boðið foreldrum að kenna börnum sínum fagnaðarerindið. Hann sagði:

„Að því leyti sem foreldrar er eiga börn í Síon eða einhverri skipulagðri stíku hennar, kenna þeim ekki, þegar þau eru átta ára að aldri, að skilja kenninguna um iðrun, trú á Krist, son hins lifanda Guðs, og um skírn og gjöf heilags anda með handayfirlagningu, fellur syndin á höfuð foreldranna.

Því að þetta skal vera lögmál fyrir íbúa Sionar eða sérhverrar skipulagðrar stíku hennar.

Og börn þeirra skulu skírð til fyrirgefningar synda sinna og hljóta handayfirlagningu, þegar þau eru átta ára gömul.

Og þeir skulu einnig kenna börnum sínum að biðja og ganga grandvör frammi fyrir Drottni“ (K&S 68:25–28).

Foreldrum ber að kenna af góðvild og ástúð, hafandi í huga leiðsögn Páls postula um að „[ala börn sín] upp með aga og umvöndun Drottins“ (Efesusbréfið 6:4).

Ritninganám fjölskyldunnar

Við getum orðið lík himneskum föður og notið sama líferniss og hann, ef við aðeins hlýðum þeim lögmálum sem

bundin eru slíkum blessunum (sjá K&S 130:20–21). Við þurfum að þekkja lögmálin áður en við getum lifað eftir þeim. „Ógerlegt er að maðurinn frelsist í vanþekkingu“ (K&S 131:6).

Jesús Kristur er leiðtogi okkar og löggjafi. Hann þekkir leiðina og lögmálin sem við verðum að hlýða, og hefur boðið hverju okkar að fylgja sér. Hann sagði: „Ég er vegurinn, sannleikurinn og lífið. Enginn kemur til föðurins, nema fyrir mig“ (Jóh 14:6). Ef við viljum líkjast himneskum föður og snúa að nýju til hans, verðum við að læra kenningar Jesú og lifa eftir þeim. Við höfum ritningarnar til að auðvelda okkur að læra um líf, kenningar og boðorð Jesú Krists.

Fjórar ritningabækur eru notaðar í kirkjunni, Biblían, Mormónsbók, Kenning og sáttmálar og Hin dýr-mæta perla. Þessar bækur fræða okkur um lögmál fagnaðarerindisins og vilja Guðs varðandi líf okkar. Þær fræða okkur um líf og köllun Jesú Krists og greina frá fólki sem átti trú og hélt boðorð Guðs.

Jesús kenndi okkur að kanna og læra ritningarnar (sjá Jóh 5:39; 3 Nefí 23:1; K&S 26:1; 88:118).

Fjölskyldur ættu að kanna ritningarnar saman reglubundið svo þær læri að fylgja kenningum Drottins. Foreldrar ættu að safna fjölskyldunni saman á ákveðnum tíma daglega til að lesa og ræða ritningarnar. Allir í fjölskyldunni sem kunna að lesa ættu að fá tækifæri til að lesa í ritningunum.



Foreldrar geta beðið einhvern úr fjölskyldunni að flytja bæn áður en ritningalestur hefst. Í bæninni má biðja himneskan föður að blessa hvern einstakan með skilningi á því sem lesið er og vitnisburði um það. Flytja má fjölskyldubæn að loknum lestrartíma í ritningunum.

Þegar fjölskyldur lesa og ígrunda ritningarnar, munu þær eignast þrá til að líkjast meir frelsaranum og öðlast hamingju og frið í lífi sínu.

Einkabænir og fjölskyldubænir

Hvert okkar þarf að læra að ræða við himneskan föður í bæn. Hann elskar okkur og vill að við leitum til hans í bæn, þökkum honum fyrir blessanir okkar og biðjum um hjálp hans og leiðsögn. Hann hjálpar okkur, þegar við leitum til hans. Við flytjum flestar bænir okkar með því að hneigja höfði, ljúka aftur augum og krjúpa, sitja eða standa.

Við þurfum að hafa fjórar mikilvægar reglur í huga í sambandi við bænir okkar:

1. Við hefjum bænina með því að ávarpa föður okkar á himni: „Faðir vor á himnum...”
2. Við þökkum föður okkar á himnum fyrir það sem hann gefur okkur: „Við þökkum þér...”
3. Við biðjum um hjálp hans varðandi það sem við þörfnumst: „Við biðjum þig...”
4. Við ljúkum bæn okkar í nafni frelsarans: „Í nafni Jesú Krists, amen.”

Bænar okkar þurfa ekki alltaf að fylgja öllum þessum fjórum þrepum. Við ættum alltaf að byrja og enda bænar okkar eins og sýnt er hér á undan, en annað sem við segjum fer eftir því sem við teljum mikilvægast. Stundum kunnum við að leggja mesta áherslu á að þakka föðurnum. Í annan tíma kunnum við að leggja mesta áherslu á að biðja hann um hjálp.

Einkabænar



Hver og einn ætti að biðja að minnsta kosti kvölds og morgna. Börnum ætti að kenna að biðja einkabænar strax og þau verða talandi. Foreldrar geta kennt börnum að biðja með því að krjúpa með þeim og láta þau endurtaka eina setningu í einu. Fljótlega geta börnin sjálf beðið eigin bænar.

Fjölskyldubænar



Hver fjölskylda ætti daglega að flytja fjölskyldubænar. Fjölskyldan öll krýpur saman og höfuð fjölskyldunnar fer með bænina eða biður einhvern úr fjölskyldunni að fara með hana. Allir ættu að fá reglulega tækifæri til að leiða fjölskylduna í bæn. Ung börn geta tekið sinn þátt í því með hjálp foreldra. Fjölskyldubænar eru afbragðs tækifæri til að kenna börnum hvernig á að biðja og kenna grundvallarreglur, svo sem trú á Guð, auðmýkt og kærleika.

Sérstakar bænir

Foreldrar eiga að kenna börnum sínum að Guð er alltaf reiðubúinn að hjálpa þeim og þau geti auk persónulegra bæna og fjölskyldubæna beðist fyrir hvenær sem er þegar þau þarfnast hjálpar eða vilja tjá þakkir.

Borðbænir

Foreldrar eiga að kenna börnum sínum að þakka Guði fyrir mat sinn og biðja hann að blessa hann áður en þau borða. Allir, þar með talin ung börn, ættu að fá tækifæri til að fara með borðbæn. Þegar við gerum þetta lærum við að vera þakklát himneskum föður fyrir blessanir okkar.



Fjölskyldukvöld

Fjölskyldukvöld eru fyrir alla, þar með talið nýgifta, feður og mæður með börn, einhleypa foreldra með börn, foreldra sem ekki eiga börn heima fyrir, einhleypa fullorðna saman í hóp og þá sem búa einir eða með herbergisfélag. Allir, hverjar sem aðstæðurnar eru, munu njóta blessana af að hafa fjölskyldukvöld. Í kirkjunni er engin félagsstarfsemi á mánudagskvöldum, svo að fjölskyldurnar geti

notað þann tíma fyrir fjölskyldukvöldin.



Æðsta forsætisráðið hefur sagt: „Við heitum ykkur miklum blessunum, ef þið fylgið ráðum Drottins og hafið fjölskyldukvöld reglulega. Við biðjum þess sífellt að foreldrar í kirkjunni uppfylli þær skyldur sínar að kenna og sýna með fordæmi börnum sínum reglur fagnaðarerindisins. Megi Guð blessa ykkur að þið verðið kostgæfin í þessari afar mikilvægu ábyrgð“ (*“Message from the First Presidency,” Family Home Evening Resource Book [1983], bls. iv).*

Faðirinn er patriarki fjölskyldu sinnar og er í forsæti hennar á fjölskyldukvöldi. Í fjarveru föður er móðirin í forsæti. Foreldrar stýra fjölskyldukvöldinu eða fela einhverjum úr fjölskyldunni að gera það. Þeir flytja lexíu eða fela það þeim börnum sínum sem náð hafa tilskildum aldri. Allir sem aldurs vegna geta verið með eiga að fá tækifæri til þátttöku. Ung börn geta hjálpað til með því að leiða í söng, vitna í ritningar, svara spurningum, halda á myndum, bera fram hressingu og biðja.

Hér á eftir er sýnishorn af dagskrá fjölskyldukvölds:

- Inngangssöngur (fjölskyldan)
- Inngangsbæn (einhver úr fjölskyldunni)
- Ljóð eða ritningarlestur (einhver úr fjölskyldunni)
- Lexía (foreldri eða eldra barn)
- Leikur eða starf (öll fjölskyldan tekur þátt en einhver einn stjórnar)
- Lokasöngur (fjölskyldan)
- Lokabæn (einhver úr fjölskyldunni)
- Hressing

Fjölskyldan getur haft fjölskyldukvöld með ýmsum öðrum hætti. Allt sem þjappar fjölskyldunni saman, styrkir kærleikann þeirra í milli, færir þau nær himneskum föður, og hvetur þau til að lifa réttlátu lífi getur talist fjölskyldukvöld. Dæmi um slíkt er lestur úr ritningunum, umræða um fagnaðarerindið, þjónusta einhvers konar, samsöngur, lautarferð, fjölskylduleikur og að njóta náttúrufegurðar. Á öllum fjölskyldukvöldum skal vera bæn.

Lexíur geta byggst á ritningunum; orðum síðari daga spámanna, sérstaklega aðalráðstefnuræðum; og persónulegri reynslu og vitnisburði. Margar lexíur ættu að fjalla um fæðingu, líf, kenningar, og friðþægingu frelsarans. *Grundvallarreglur fagnaðarerindisins, Gospel Fundamentals, True to the Faith, Til styrktar æskunni* og tímarit kirkjunnar hafa að geyma lexíur og greinar

um margs konar efni sem geta verið hluti af lexíum fjölskyldukvölda.

Eftirtalin umræðuefni mætti ræða:

- Sáluhjálparáætlunin
- Líf og kenning Jesú
- Iðrun
- Bæn
- Fasta
- Vísdomsorðið
- Siðferðisboð Drottins
- Merking sakramentisins
- Tíund
- Þakklæti
- Heiðarleiki
- Lotning fyrir Guði og sköpunarverki hans
- Undirbúningur að skírn, prestdæmisvígslu eða hjónabandi
- Búa sig undir að fara í musterið
- Lestur ritninganna
- Halda hvíldardaginn heilagan
- Fyrirgefa öðrum
- Öðlast og gefa vitnisburð
- Deila fagnaðarerindinu með öðrum
- Samantekt á sögu fjölskyldunnar
- Skilningur og viðurkenning á dauðanum
- Að leysa fjölskylduvandamál
- Fjármálastjórn heimilisins

- Verkaskipting fjölskyldunnar
- Að meta tónlist og njóta

Helgidagar og sérstök tilefni

Helgidagar og sérstök tilefni eins og jól; páskar; afmæli endurreisnar prestdæmisins; ráðstefnur; brottför einhvers úr fjölskyldunni í trúboð; fæðing, skír, eða vígsla í fjölskyldunni eru afbragðs tækifæri til að kenna sannleik fagnaðarerindisins.

Tíund og fórnir



Drottinn hefur boðið fólki sínu að lifa eftir tíundarlögmálinu og að vera verðugt þeirra blessana sem hann hefur lofað (sjá Malakí 3:8–11).

Tilvalið er fyrir foreldra að kenna börnum sínum lögmál tíundar og fórnar um leið og þau greiða tíund sína. Börn verða fyrir áhrifum af því sem þau sjá foreldra sína gera. Börn sem fá vasapeninga, ættu að greiða af þeim tíund. Hvert barn ætti að hafa þrjá peningabauka: Einn fyrir tíund, einn fyrir trúboð og einn fyrir eyðslu. Í hvert sinn er börn fá peninga í hendur, ættu þau að læra að leggja

fyrst tíu prósent af upphæðinni í tíundarsjóð, síðan ótilgreinda upphæð í trúboðssjóð og það sem eftir verður í eyðslusjóð.

Þegar börn greiða tíund, ættu foreldrar að kenna þeim að útfylla tíundarseðil, hvernig setja á hann í umslag ásamt peningunum og afhenta það einhverjum í biskupsráði eða greinarráði. Fjölskyldur sem búa á afskekktum svæðum, ættu að afhenda útnefndum prestdæmisleiðtoga tíund sína.

Umræður við matborðið

Á matmálistímum getur verið tilvalið að ræða saman um fagnaðarerindið. Ungum börnum finnst gaman að spyrja um einhver atriði fagnaðarerindisins og segja frá vitneskju sinni. Foreldrar geta stuttlega útskýrt fyrir börnum sínum atriði sem eru þeim óljós og kennt þeim fagnaðarerindið. Þótt ekki þurfi að ræða um fagnaðarerindið á hverjum matmálistíma, væri gott að ræða um það á þeim tíma tvisvar eða þrisvar sinnum í viku til að hjálpa öllum í fjölskyldunni að læra fagnaðarerindið.

Sögur fyrir háttinn

Flestum börnum þykir gaman að hlýða á sögur fyrir háttinn og er því tilvalið að nota þann tíma til að kenna þeim fagnaðarerindið með því að lesa eða segja sögur úr ritningunum, öðru kirkjuefni eða segja frá eigin reynslu. Sögur sem undirstrika heiðarleika, óeigingirni og góðvild kenna mikilvægar reglur fagnaðarerindisins.

Samvinna



Margskonar óformleg tækifæri bjóðast til að kenna fagnaðarerindið þegar fjölskyldur búa og vinna saman. Foreldrar geta t.d. rætt við börn sín um ýmislegt á meðan hreinsað er til inni eða úti. Foreldrar ættu að vera vakandi yfir tækifærum til að ræða um fagnaðarerindið. Börnum er tamt að spyrja. Foreldrar ættu alltaf að gefa sér tíma til stuttra útskýringa. Hróss eins og: „Þú ert dugleg/ur. Ég er viss um að himneskur faðir er hreykinn af þér,“ eða ábendingar eins og: „Sjáðu fallegu skýin sem himneskur faðir hefur skapað,“ geta vakið tilfinningar þakklætis til himnesks föður og fullvissu um að hann er raunverulegur.

Fjölskyldufundir



Foreldrar geta kallað fjölskylduna saman á fjölskyldufund. Fjölskyldur geta notað slíka fundi til að setja sér fjölskyldumarkmið, leysa fjölskylduvandamál, ræða fjármál, gera áætlanir, styðja og styrkja hvert annað, og biðja hvert fyrir öðru. Slíkan fund má hafa hvenær sem þörf krefur. Foreldrar geta óskað að koma saman á hverjum sunnudegi eða í tengslum við fjölskyldukvöld. Virðing fyrir skoðunum og tilfinningum annarra er forsenda árangurs þessara funda.

Einkaviðtöl



Margir foreldrar telja að reglubundin einkaviðtöl við börnin færi þá nær börnunum, uppörvi þau og kenni þeim fagnaðarerindið. Slík viðtöl geta verið formleg eða óformleg og átt sér stað all oft.

Foreldrar ættu að tjá kærleik sinn til barnsins og barnið að fá tækifæri til að tjá tilfinningar sínar um hvaða málefni sem er, vandamál eða reynslu. Foreldrar eiga að hlusta af alúð og

taka vandamál og trúnað barnsins alvarlega. Foreldrar og barn geta einnig beðið saman. Vanda sem tengist öðrum innan fjölskyldunnar, ætti að ræða á næsta fjölskyldukvöldi.

Fjölskyldustörf og leikir

Foreldrar ættu oft að skipuleggja tíma þar sem öll fjölskyldan gerir eitthvað saman. Lautarferðir, tjaldferðir, fjölskylduverkefni, hreingerning og garðvinna, sund og heilnæm skemmtun eru nokkrar af fjölmörgum athöfnum sem fjölskyldur geta notið saman.

Fjölskylda sem starfar og skemmtir sér saman finnur ríkulega kærleik og samhljóman. Börnin verða fúsari til að hlusta á foreldrana og fylgja ráðum þeirra. Foreldrar geta náð betri árangri við að kenna fagnaðarerindið.



Framfylgja fjölskylduábyrgð



Hlutverk kirkju Drottins er að hjálpa öllum mönnum að koma til Krists. Fjölskyldur bera þá mikilvægu ábyrgð að hjálpa til við það verk. Við gerum það þegar við:

1. Önnumst okkar eigin líkamlegar og andlegar þarfir og fjölskyldu okkar og leggjum okkar af mörkum við að uppfylla þarfir annarra.
2. Deilum fagnaðarerindinu með öðrum umhverfis okkur.
3. Sjáum um að fjölskyldumeðlimir öðlist blessanir mustersins og hjálpum látnum ættingjum að öðlast þær blessanir.

Andlegar og líkamlegar þarfir

Andlegar þarfir

Í kaflanum „Fagnaðarerindið kennt í fjölskyldunni“ eru leiðbeiningar um hvernig annast á andlegar þarfir fjölskyldunnar.

Líkamlegar þarfir

Fjölskyldum ber að treysta á sig sjálfar við að annast líkamlegar þarfir og leggja sitt af mörkum við að uppfylla þarfir annarra. Ef við ætlum að treysta á okkur sjálf verðum við að vera fús til að vinna. Vinna er líkamleg, hugræn eða andlega áreynsla. Hún er uppspretta hamingju, sjálfsvirðingar og velmegunar. Foreldrar eiga að viðurkenna ábyrgðina og stefna að því að

verða sjálfbjarga og ættu að kenna börnum sínum að gjöra svo einnig. Þegar fjölskyldur eru sjálfbjarga geta þær hjálpað hinum þurfsandi.

Fæður bera ábyrgð á að vernda fjölskyldu sína og veita henni framfærslu. Mæður bera meginábyrgð á að annast börnin. Foreldrar bera ábyrgð á að heimilið sé hreint og heilnæmt, holl fæða sé á boðstólum, fatnaður sé fyrir hendi, lækna- og tannlæknaþjónusta, menntun, fræðsla í fjármála- stjórnum og tilsögn í garðyrkju, ef hægt er. Foreldrum bera að kenna börnum sínum hvernig meðhöndla á mat og geyma til síðari nota.

Foreldrar ættu að vera fúsir til að leggja hart að sér við að sjá fyrir líkamlegum þörfum fjölskyldunnar. „Og þér munið ekki leyfa, að börn yðar gangi hungruð og nakin“ (Mósía 4:14). Foreldrar ættu að ráðgæra hvernig þeir hyggjast sjá fyrir þörfum fjölskyldu sinnar, ef veikindi koma upp, atvinnuleysi herjar eða hvers konar óvæntar hörmungar. Eigi faðirinn í erfiðleikum með að sjá fjölskyldu sinni farborða, og aðrir í fjölskyldunni geta ekkert lagt af mörkum, má hann biðja prestdæmisleiðtoga um aðstoð.

Börn geta lagt sitt af mörkum við að sjá fyrir líkamlegum þörfum fjölskyldunnar með því að hjálpa foreldrum við störf þeirra, leggja rækt við skólanám, hugsa vel um fatnað sinn og eigur, vera snyrtileg, hjálpa til við að halda heimilinu hreinu og stuðla að góðri heilsu sinni.

Fjölskyldan ætti að auka hæfni sína í lestri, skrift og reikningi, og ætti að nýta sér hvert tækifæri til að auka við þekkingu sína og hæfni. Hún ætti að hlýða Vísdomsorðinu og neyta heilnæmrrar fæðu. Ef hægt er, ættu fjölskyldur að safna árs matarbirgðum, eða eins miklu og hægt er af undirstöðu lífsnauðsynjum. Forðast ætti ónauðsynlegar skuldir, en leggja fyrir til framtíðar. Standa ætti við allar skuldbindingar og forðast eyðslusemi.

Foreldrar ættu að kenna börnum sínum mikilvægi þess að deila með öðrum. Við getum næstum öll gefið eitthvað til annarra. Ein mikilvæg leið til að hjálpa öðrum er að taka mánaðarlega þátt í föstu og gefa föstufórnir sem notaðar eru til að fæða hungraða, hýsa heimilislausu, klæða nakta og lina þjáningar. Við sýnum ást okkar til Drottins þegar við hjálpum öðrum. Hann sagði: „Allt, sem þér gjörðuð einum minna minnstu bræðra, það hafið þér gjört mér“ (Matt 25:40).

Deila fagnaðarerindinu

Drottinn hefur sagt með síðari daga spámönnum sínum að sérhver meðlimur kirkjunnar beri þá ábyrgð að deila fagnaðarerindinu með öðrum. „Hverjum manni sem fengið hefur viðvörðun ber að aðvara náunga sinn“ (K&S 88:81). Alma, spámaður í Mormónsbók, sagði að þegar við skírðumst ættum við að vera fús „að standa sem vitni Guðs, alltaf, í öllu og allsstaðar“ (Mósía 18:9).



Fjölskyldur eiga að gera allt sem þær geta til að hjálpa vinum sínum og nágrönnum að læra um fagnaðarerindi Jesú Krists og blessanir þær sem það færir. Með því að vinna saman að útbreiðslu fagnaðarerindisins, geta foreldrar og börn eftt eigin vitnisburð og fært blessanir inn í líf margra. Til að ná góðum árangri í útbreiðslu fagnaðarerindisins ættu fjölskyldur að:

- Vera öðrum gott fordæmi með því að halda öll boðorðin (sjá Matt 5:16).
- Vera þakklátir meðlimir kirkjunnar (sjá Róm 1:16) og láta aðra vita að þau séu í kirkjunni.
- Spyrja vini og kunningja hvort þeir hafa áhuga á að heyra meira um kirkjuna.
- Biðja Drottin að hjálpa þeim að velja fjölskyldu eða einstakling sem kann að vera reiðubúinn að hlusta á fagnaðarerindið.
- Kynna fjölskyldunni eða einstaklingnum kirkjuna með einhverjum hætti, svo sem að bjóða þeim á fjölskyldukvöld eða aðra kirkjuathöfn, gefa þeim rit kirkjunnar eða

bæklinga að lesa og ræða við þau um fagnaðarerindið og blessanir þær sem það færir mönnum.

- Bjóða fjölskyldunni eða einstaklingnum heim til að fá kennslu trúboðanna.

Foreldrar bera þá ábyrgð að búa sig sjálf og börn sín undir að þjóna í fastatrúboði. Til að búa börn, einkum syni, undir trúboð, eiga foreldrar að kenna fagnaðarerindið á heimilinu, kanna ritningarnar einslega og saman, kenna börnunum að biðja og ræða oft um þá ábyrgð og blessun að útbreiða fagnaðarerindið. Þau geta kennt börnum sínum að leggja peninga til hliðar fyrir trúboði, vera vinnusöm, treysta á sig sjálf og bera umhyggju fyrir og þjóna öðru fólki.

Helgiathafnir musterisins fyrir lifandi og látna



Í musterum meðtaka verðugir kirkju-meðlimir helgiathafnir og gjöra sáttmála við Guð. Þeir taka einnig þátt í

helgiathöfnum í þágu látinna ættingja. Sé hægt að koma því við, ættu foreldrar að fá musterismeðmæli hjá prestdæmisleiðtogum þeirra og fara í musteríð til að taka á móti helgiathöfnum fyrir sig sjálf. Ef þau geta ekki farið til einhvers musteris, ættu þau að lifa verðug þess að halda musterismeðmælum.

Fjölskyldur bera þá helgu ábyrð að tryggja að helgiathafnir séu framkvæmdar fyrir látna ættingja sína, sem ekki meðtóku þær í þessu lífi. Fjölskyldumeðlimir sem tekið hafa á móti eigin helgiathöfnum, ættu að fara eins oft í musteríð og tími og fjármunir leyfa til að sjá áum sínum fyrir helgiathöfnum musterisins.

Foreldrar eiga að skrá mikilvæga atburði í lífi sínu og barna sinna og geyma vottorð um blessanir, skírtnir, vígslur, giftingar, andlát, mikilvæg bréf, ljósmyndir, úrklippur dagblaða og annað slíkt. Foreldrar eiga að taka saman heimildir um sig og hvetja börn sín til að geyma persónulegar heimildir. Þeir eiga að koma yngri börnum sínum af stað með heimildasöfnun.

Fjölskyldur ættu að safna saman og skrá heimildir um áa sína. Þær ættu að hefjast handa með því að viðá að sér heimildum um síðustu fjórar kynslóðir sem tengjast þeim.

Leiðtogapjálfun



Leiðtogar prestdæmis og aðildarfélagaga eiga, undir leiðsögn stiku-, trúboðs- eða umdæmisleiðtoga, að kenna foreldrum að skilja og framfylgja hinni þrjúþættu gunnabyrgð fjölskyldunnar (sjá bls. 12–15).

Leiðtogar eiga að kenna feðrum og mæðrum hvernig þeim ber að leiða fjölskyldu sína. Ef fjölskyldur búa á afskekktum svæðum, ber stiku-, trúboðs- eða umdæmisleiðtogum að sjá til þess að viðkomandi fjölskyldur læri og uppfylli skyldur sínar.

Hafa guðsþjónustustundir heima (fyrir fjölskyldur sem búa afskekkt)



Sumar fjölskyldur búa á afskekktum svæðum og geta því ekki reglubundið sótt samkomur deildar eða greinar. Slíkar fjölskyldur ættu að halda sunnudagsguðsþjónustu á heimilum sínum, en aðeins með leyfi stiku-, trúboðs- eða umdæmisforseta. Á svæðum þar sem kirkjueiningar hafa ekki verið stofnaðar, þurfa fjölskyldur heimild hjá svæðisforsætisráði.

Faðir eða annar prestdæmishafi má undirbúa og blessa sakramentið, ef hann er verðugur, er prestur í Aronsprestdæminu eða hefur Melkisedeksprestdæmið og hefur tilskilið leyfi frá prestdæmisleiðtogum sínum. Sérhver prestdæmishafi má útdeila sakramentinu. Leiðbeiningar um þjónustu sakramentisins eru á bls. 21–23 í þessum leiðarvísi.

Sunnudagsguðsþjónusta á að vera einföld, lotningarfull og virðuleg. Hún gæti verið eins og eftirfarandi:

1. Inngangssálmur
2. Inngangsbæn
3. Blessun og útdeiling sakramentis
4. Eitt eða tvennt af eftirfarandi:
 - Ein eða tvær stuttar ræður eða vitnisburðir
 - Ritningalestur og umræða í fjölskyldunni
 - Lexía kennd af fjölskyldumeðlim
5. Lokasálmur
6. Lokabæn

Þegar skipuleggja á sunnudagsguðsþjónustu, eiga foreldrar að leita leiða-

gnar anda Drottins og fylgja henni. Í Mormónsbók er að finna dæmi um slíka þjónustu: „Og samkomum þeirra stjórnaði kirkjan, eins og andinn sagði fyrir um, og með krafti heilags anda. Því að þannig var það gjört, eins og kraftur heilags anda leiddi fólkið, hvort heldur til að prédika, hvetja eða biðja, ákalla eða syngja“ (Moró 6:9).

Fjölskyldan á að leggja ritningarnar til grundvallar. Einnig má nota aðalráðstefnuræður, *Gospel Fundamentals*, *Grundvallarreglur fagnaðarerindisins*, *True to the Faith*, *Til styrktar æskunni*, handbækur, trúboðsbæklinga, kirkjutímarit og annað útgefið af kirkjunni og nýsigögn.

Þegar enginn í fjölskyldu hefur viðeigandi prestdæmi, getur foreldri safnað fjölskyldumeðlimum saman til að syngja sálma, kanna ritningarnar, biðja og nálgast hvert annað

og himneskan föður. Ráðandi prestdæmisleiðtogi mun leita tækifæra með fjölskyldunni til að hún geti öðru hvoru meðtekið sakramentið.

Foreldrar ættu að skipuleggja vikulegar athafnir, t.d. langar göngur, lautarferðir, sundferðir, bíóferðir á heilnæmar myndir, heimsóknir til skyldmenna, ferðir á íþróttaleiki og tónlistarskemmtanir.

Fjölskyldunni ber að greiða tilnefndum prestdæmisleiðtoga tíund, föstufórnir og önnur framlög.

Fjölskyldan þarf ekki að sjá kirkjunni fyrir skriflegum stöðuskýrslum, en tilnefndur prestdæmisleiðtogi ræðir reglubundið við föðurinn og biður hann að greina frá stöðu fjölskyldunnar. Leiðtogum er heimilt að nota síma við þessi viðtöl, sé það nauðsynlegt.

Helgiathafnir og blessanir prestdæmisins



Drottinn færði okkur helgiathafnir prestdæmisins sem framkvæmdar eru innan valdsviðs prestdæmisins. Prestdæmisblessanir eru veittar með valdi prestdæmisins til lækningar, huggunar og hvatningar. Bræður sem framkvæma helgiathafnir og veita blessanir eiga að undirbúa sig með því að lifa í samræmi við reglur fagnaðar-erindisins og leita eftir leiðsögn heilags anda. Þeir eiga að framkvæma hverja helgiathöfn og veita hverja blessun virðulega og tryggja eftirfarandi: Helgiathafnir ber að framkvæma:

1. Í nafni Jesú Krists.
2. Með valdi prestdæmisins.
3. Á sinn rétta hátt, svo sem að nota tiltekin orð eða helgaða olíu.

4. Með leyfi ráðandi leiðtoga prestdæmishafa, ef það á við, því hann hefur lykla til að framkvæma helgiathafnir eða veita ákveðnar blessanir

Leyfi þarf til að framkvæma eftirtaldar helgiathafnir: Nafngjöf og blessun barna, skírn og staðfestingu, veitingu prestdæmis og vígslu í prestdæmisembætti, blessun og útteilingu sakramentis og helgun grafar.

Þegar nokkrir bræður taka þátt í helgiathöfn eða blessun, leggur hver þeirra vinstri hönd létt á öxl bróðurins sér til vinstri handar. Ekki er ráðlegt að margir prestdæmishafar séu hafðir til aðstoðar.

Helgiathafnirnar og blessanirnar sem útskýrðar eru í þessum kafla, hjálpa

feðrum að þjóna sem patriárkarar fjöl-
skyldu sinnar.

Nafngjöf og blessun barna



„Sérhver meðlimur kirkju Krists, sem á börn, skal leiða þau fyrir öldungana, og þeir skulu leggja hendur yfir þau í nafni Jesú Krists og blessa þau í hans nafni“ (K&S 20:70). Í samræmi við opinberun þessa, mega aðeins verðugir karlar sem hafa Melkisedeksprestðæmið taka þátt í nafngjöf og blessun barna. *Helgiathöfn þessa má aðeins framkvæma með leyfi ráðandi valdhafa.*

Þegar ungbarn er blessað, safnast bræðurnir í hring og halda á barninu. Þegar blessa á eldri börn skulu bræðurnir leggja hendur sínar mjúklega á höfuð þess. Sá sem veitir blessunina:

1. Ávarpar himneskan föður.
2. Greinir frá því að athöfnin sé framkvæmd með valdi Melkisedeksprestðæmisins.
3. Gefur barninu nafn.

4. Bætir við blessunarorðum eins og andinn leiðbeinir.

5. Lýkur í nafni Jesú Krists.

Skírn



Verðugur prestur eða sá sem hefur Melkisedeksprestðæmið má, *undir leiðsögn ráðandi valdhafa*, framkvæma skírn. Til að framkvæma þessa helgiathöfn á prestdæmishafinn að:

1. Standa í vatninu ásamt þeim sem skíra á.
2. (Til þæginda og öryggis) halda um hægri úlnlið skírnpæga með hægri hendi og leggja síðan vinstri úlnlið í hönd skírnpæga.
3. Lyfta hægri hendi í vinkil.
4. Nefna fullt nafn skírnpæga og segja: „Með umboði frá Jesú Kristi, skíri ég þig í nafni föðurins, og sonarins, og hins heilaga anda. Amen“ (K&S 20:73).
5. (Til þæginda) láta skírnpæga halda fyrir nefið með hægri hendi; síðan leggur prestdæmishafinn hægri hönd á bak skírnpæga og dýfir honum fullkomlega niður í vatnið.

6. Hjálpa skírnpæga upp úr vatninu.

Hverja skírni verða tveir prestar eða Melkisedeksprestðæmishafar að votta. Þeir fullvissa sig um að hún sé rétt framkvæmd. Hafi bæninn ekki verið flutt orðrétt, eins og hún er í Kenningu og sáttmálum 20:73, eða ef hluti líkama eða fatnaðar skírnpæga umlaukst ekki vatni, verður að endurtaka bænina og skírnpægi verður að fara fullkomlega á kaf. Skírnpægi og sá sem framkvæmir skírnnina eiga að klæðast hvítum fötum sem ekki sést í gegnum þegar þau blotna.

Staðfesting



Níu ára trúskiptingar eða eldri og þeir sem eru eldri en átta ára og eiga foreldra sem ekki tilheyra kirkjunni skulu staðfestir á sakramentissamkomu (sjá K&S 20:41). Átta ára börn má staðfesta strax eftir skírni, sé a.m.k. annað foreldri þess meðlimur kirkj-

unnar, en báðir foreldrar þurfa að gefa leyfi fyrir skírni þess og staðfestingu. Einn eða fleiri Melkisedeksprestðæmishafar mega, *undir stjórn biskups eða greinarforseta*, framkvæma þessa helgiathöfn. Þeir leggja hendur mjúklega á höfuð þess sem staðfesta á. Sá sem framkvæmir helgiathöfnina:

1. Nefnir fullt nafn þess sem staðfesta á.
2. Getur þess að athöfnin sé framkvæmd með valdi Melkisedeksprestðæmisins.
3. Staðfestir viðkomandi sem meðlim Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu.
4. Veitir gjöf heilags anda með þessum orðum: „Meðtak hinn heilaga anda.“
5. Veitir prestðæmisblessun eins og andinn leiðbeinir.
6. Lýkur í nafni Jesú Krists.

Veiting prestðæmis og vígsla í prestðæmisembætti

Biskup eða greinarforseti sér um veitingu Aronsprestðæmis og vígslu til embættis djákna, kennara og prests. Biskup eða greinarforseti verður að eiga viðtal við þann sem veita á embætti í Aronsprestðæminu og ganga úr skugga um að hann sé verðugur. Einnig skal styðja hann á sakramentissamkomu. Prestur má með leyfi biskups eða greinarforseta veita öðrum Aronsprestðæmið og vígja hann í embætti innan þess.



Stiku- eða trúboðsforseti sér um veitingu Melkisedeksprestðæmis og vígslu til embættis öldungs og háprests.

Þegar prestdæmið er veitt og vígt er til embættis, leggur einn eða fleiri tilskildir prestdæmishafar, *sem til þess hafa leyfi frá ráðandi valdhafa*, hendur sínar mjúklega á höfuð viðkomandi. Sá sem framkvæmir helgiathöfnina:

1. Nefnir viðkomandi með fullu nafni.
2. Getur þess að athöfnin sé framkvæmd með valdi Melkisedeksprestðæmisins eða Aronsprestðæmisins, eins og við á.
3. Veitir Melkisedeksprestðæmið eða Aronsprestðæmið, nema það hafi þegar verið veitt.
4. Vígir til ákveðins embættis Arons- eða Melkisedeksprestðæmisins og veitir rétt, kraft og vald þess embættis.
5. Veitir prestdæmisblessun eins og andinn leiðbeinir.
6. Lýkur í nafni Jesú Krists.

Sakramentið



Sakramentið er mjög helg athöfn. Þegar við meðtökum sakramentið, veitir það tækifæri til að hugsa um líf, kenningar og friðþægingu Jesú Krists. Við getum þá endurnýjað sáttmála okkar sem við gerðum við Drottin við skírn okkar (sjá Mósía 18:8–10).

Kennarar og prestar mega undirbúa sakramentið. Prestar mega blessa það og djáknar, kennarar og prestar mega útdeila því. Bræður sem hafa Melkisedeksprestðæmið mega undirbúa og blessa sakramentið og útdeila. Þeir gera það þó yfirleitt ekki nema því aðeins að Aronsprestðæmishafar séu ekki nægilega margir. Hafi prestdæmishafi brotið alvarlega af sér, á hann hvorki að undirbúa eða blessa sakramentið, né heldur útdeila, fyrr en hann hefur iðrast og gengið frá málum sínum við biskup eða greinarforseta.

Þeir bræður sem undirbúa og blessa sakramentið eða útdeila, láta öðrum þjónustu í té fyrir hönd Drottins. Sérhver sem hefur prestdæmið skal starfa að verkefni þessu með hátíðleika og lotningu. Honum ber að vera

snyrtilægur, hreinn og viðeigandi klæddur. Framkoma og hegðun ætti að vera í samræmi við helgi þessarar athafnar.

Þeir bræður sem undirbúa sakramentið, eiga að gera það áður en samkoma hefst. Þeir setja brauðsneið (eða brauðsneiðar) á hreinan bakka á stakt borð, koma þar einnig fyrir glösum (eða öðrum ílátum) með litlu vatnsmagni, helst einu glasi fyrir hvern viðstaddan. Þeir setja hreinan, hvítan dúk yfir brauðið og vatnið.

Meðan sakramentissálmurinn er sunginn, taka þeir sem sitja við borðið dúkinn af brauðinu og brjóta það í litla bita. Eftir sálminn krýpur sá sem blessar brauðið og flytur bænina sem á við brauðið. Bræður útdeila síðan brauðinu til viðstaddra með lotningu og reglu. Þeir sem sitja í forsæti skulu fyrst meðtaka af sakramentinu. Þegar allir viðstaddir hafa átt þess kost að meðtaka brauðið, fara þeir sem útdeila aftur með bakka sína að sakramentisborðinu. Þeir sem blessa sakramentið breiða dúkinn yfir brauðbakkana á ný um leið og því hefur verið útdeilt.

Þeir sem blessa sakramentið taka dúkinn af vatnsbökkunum. Sá sem blessar vatnið krýpur og flytur bænina sem á við vatnið. Bræður útdeila síðan vatninu til viðstaddra. Farið er með bakkana að sakramentisborðinu og dúkurinn látinn hylja það sem á borðinu er. Þeir bræður sem þjónustað hafa sakramentið taka sér síðan sæti hjá söfnuðinum.

Sakramentið er ætlað kirkjumeðlimum og börnum þeirra. Sá sem stjórnar samkomunni á ekki að tilkynna að sakramentið verði aðeins útdeilt til meðlima. Ekkert skal aðhafst til að koma í veg fyrir að gestir meðtaki það.

Sakramentisbænir skulu fluttar af nákvæmni og virðingu. Ef sá sem flytur bænina fer rangt með hana og flytur hana ekki að nýju sjálfviljugur, skal biskup eða greinarforseti biðja hann um að endurtaka bænina.

Bænin yfir brauðinu er svo hljóðandi:

„Ó Guð, eilífi faðir. Í nafni sonar þíns, Jesú Krists, biðjum vér þig að blessa og helga þetta brauð fyrir sálir allra, er þess neyta; að þau neyti þess til minningar um líkama sonar þíns og vitni fyrir þér, ó Guð, eilífi faðir, að þau séu fús til að taka á sig nafn sonar þíns, og hafa hann ávallt í huga og halda boðorð hans, sem hann hefur gefið þeim, svo að andi hans sé ætíð með þeim. Amen“ (K&S 20:77 og Moróní 4).

Bænin yfir vatninu er svo hljóðandi:

„Ó Guð, eilífi faðir. Í nafni sonar þíns, Jesú Krists, biðjum vér þig að blessa og helga þetta vatn fyrir sálir allra, er það drekka; að þau gjöri svo til minningar um blóð sonar þíns, sem úthellt var fyrir þau; að þau vitni fyrir þér, ó Guð, eilífi faðir, að þau hafi hann ávallt í huga, svo að andi hans sé með þeim. Amen“ (K&S 20:79 og Moróní 5).

Ganga skal frá á sakramentisborðinu, eins fljótt og hægt er eftir samkomu. Sé afgangur af brauðinu, má nota það til matar.

Leyfi þarf frá ráðandi valdhöfum til að blessa sakramentið og útteila því.

Helgun olíu

Einn (eða fleiri) Melkisedeksprest-dæmishafar geta helgað hreina olífu-olíu til að smyrja sjúka og aðþrengda. Sá sem helgar olíuna skal:

1. Halda á opnu íláti með olífuolíu.
2. Ávarpa himneskan föður.
3. Geta þess að athöfnin sé framkvæmd með valdi Melkisedeksprest-dæmisins.
4. Helga olíuna (ekki ílátið) til blessunar og smurningar sjúkra og aðþrengdra.
5. Ljúka í nafni Jesú Krists.



Þjónusta við sjúka

Aðeins Melkisedeksprest-dæmishafar geta þjónustað sjúka. Venjulega framkvæma tveir eða fleiri þeirra þessa helgiathöfn. Samt sem áður getur Melkisedeksprest-dæmishafi framkvæmt hana einsamall. Hafi hann

ekki helgaða olíu, getur hann gefið blessun með valdi prest-dæmisins.

Faðir sem hefur Melkisedeksprest-dæmið ætti að þjónusta sjúka í fjölskyldu sinni. Hann getur beðið annan Melkisedeksprest-dæmishafa að veita sér aðstoð.

Helgiathöfnin að þjónusta sjúka er tvíþætt: (1) smurning með olíu og (2) innsiglung smurningar.

Smurning með olíu

Smurning er framkvæmd af einum Melkisedeksprest-dæmishafa. Hann:

1. Smyr litlu magni af olíu á höfuð hins sjúka.
2. Leggur hendur sínar á höfuð hans og nefnir hann með fullu nafni.
3. Getur þess að athöfnin sé framkvæmd með valdi Melkisedeksprest-dæmisins.
4. Getur þess að smurt sé með olíu sem helguð hefur verið til smurningar og blessunar hinna sjúku og aðþrengdu.
5. Lýkur í nafni Jesú Krists.

Innsiglung smurningar

Einn eða fleiri Melkisedeksprest-dæmishafar leggja hendur sínar mjúklega á höfuð hins sjúka. Einn hefur orð fyrir þeim og:

1. Nefnir hinn sjúka með fullu nafni.
2. Getur þess að athöfnin sé framkvæmd með valdi Melkisedeksprest-dæmisins.

3. Segir blessunarorð eins og andinn leiðbeinir.
4. Lýkur í nafni Jesú Krists.

Föðurblessun og aðrar blessanir til hughreystingar og ráðgjafar



Föðurblessanir og aðrar prestdæmisblessanir eru veittar til hughreystingar og ráðgjafar eins og andinn leiðbeinir.

Faðir sem hefur Melkisedeksprest-dæmið getur veitt börnum sínum föðurblessanir. Slíkar blessanir geta orðið til mikillar hjálpar þegar börn fara að heiman, til dvalar í skóla eða í trúboð, giftast, fara í herþjónustu, út á atvinnu-umarkaðinn eða glíma við erfiðleika. Slíkar blessanir geta veitt fjölskyldunni mikinn styrk. Fjölskyldan getur skráð föðurblessanir í heimildir sínar, en þær eru ekki varðveittar í kirkjunni. Foreldrum ber að hvetja börn sín til að leita eftir föðurblessunum í hvers kyns erfiðleikum.

Verðugir Melkisedeksprest-dæmishafar geta einnig veitt eiginkonum sínum, skyldmennum og öðrum sem til þeirra leita blessanir til hughreystingar og ráðgjafar.

Faðir, er hefur Melkisedeksprest-dæmið, sem veitir föðurblessun og aðrar blessanir til hughreystingar og ráðgjafar leggur hendur sínar mjúklega á höfuð blessunarþegans ásamt einum eða fleirum Melkisedeksprest-dæmishöfum. Ekki er nauðsynlegt að nota olíu. Sá sem veitir blessunina:

1. Nefnir hann með fullu nafni.
2. Getur þess að athöfnin sé framkvæmd með valdi Melkisedeksprest-dæmisins.
3. Veitir blessun eins og andinn leiðbeinir.
4. Lýkur í nafni Jesú Krists.

Helgun grafa

Aðeins sá sem hefur Melkisedeksprest-dæmið má helga grafir og *verður að hafa til þess leyfi frá ráðandi valdhafa, sem stjórnar athöfninni.*

Hann ber sig að eins og eftirfarandi:

1. Ávarpar himneskan föður.
2. Getur þess að athöfnin sé framkvæmd með valdi Melkisedeksprest-dæmisins.
3. Helgar og vígir grafreitinn sem hvíldarstað fyrir líkama hins látna.

4. Biður um að reiturinn verði helgaður og verndaður fram að upprisunni, ef það á við.
5. Biður Drottin að hughreysta fjölskylduna og mælir huggunarorð eins og andinn leiðbeinir.
6. Lýkur í nafni Jesú Krists.

Kirkjugarðsbæn fremur en helgunarbæn má flytja, ef fjölskyldan kýs það heldur (æskilegra væri að Melkisedeksprestdæmishafi flytti bænina).

Hvernig afla skal kirkjuefnis og ættfræðiheimilda

Svæðisleiðtogar og aðrir meðlimir geta orðið sér úti um kirkjuefni, svo sem ritningar, námsefni, kirkjutímarit, musterisnærklæði og musterisklæði í þjónustustöð eða dreifingarstöð svæðisins eða í dreifingarstöð Salt Lake City eða á alnetinu á heimasíðu kirkjunnar www.lds.org.

Ættfræðiheimildir eru aðgengilegar á ættfræðisíðu kirkjunnar www.familysearch.org.

KIRKJA
JESÚ KRISTS
HINNA
SÍÐARI DAGA HEILÖGU

ICELANDIC



4

0231180190

9

3180 190